

Hlutverk bekkjarfulltrúa í farsælu samstarfi skóla og heimila

Bryndís Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri SAMFOK



Um SAMFOK

- SAMFOK eru samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík
- Hlutverk SAMFOK er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili við foreldrastarf í grunnskólum
- Helstu verkefni eru námskeiðahald, ráðgjöf, upplýsingaöflun og upplýsingagjöf
- SAMFOK á áheyrnarfulltrúa í Skóla- og frístundaráði Reykjavíkur og fulltrúa í ýmsum starfshópum



Stjórn SAMFOK

- Margrét Valgerður Helgadóttir formaður – Ölduselsskóla
- Andres Ivanovic – Háteigsskóla
- Birgitta Bára Hassenstein – Austurbæjarskóla
- Haraldur Diego – Háaleitisskóla/Álftamýri
- Sigrún Theodórsdóttir – Laugarnesskóla
- Svali Björgvinsson – Háaleitisskóla/Hvassaleiti
- Þorsteinn Ingi Víglundsson – Fossvogsskóla
- Ævar Karlsson - Breiðholtsskóla

Hvers vegna foreldrasamstarf?

- Áhugi og þátttaka foreldra í skólastarfi er sá þáttur sem hefur mest áhrif á námsárangur og líðan barna í skólum.
- Skólinn einn veigamesti stuðningsaðili foreldra í uppeldi og menntun barnsins
- Skólasamfélagið hefur umtalsverð áhrif á félagslega stöðu og þróun sjálfsmyndar barnsins



Áhrifamáttur foreldra


- Sýnum áhuga á námi og líðan barnsins í skólanum
 - Spyrjum barnið hvernig gangi og hvernig því líði
 - Tölum jákvætt um nám og starfið í skólanum
- Allir geta haft áhrif
 - Áhrif foreldra snúast ekki um menntunarstig þeirra eða getu til að aðstoða barnið við námið sjálft heldur um samtalið við barnið og að barnið sjái tilgang með námi sínu

Einkenni góðs samstarfs

- gagnkvæm virðing og traust
- gagnkvæmar upplýsingar um stöðu barnsins
- samræða
- samvinna þar sem stefnt er að sameiginlegu markmiði sem báðir/allir aðilar taka ábyrgð á
- í samstarfinu er kennarinn leiðtogi á jafnræðisgrunni þar sem foreldrar hafa réttindi jafnt sem skyldur

Markmið samstarfsins er velferð barnsins

Foreldranetið í skólanum



Hlutverk bekkjarfulltrúa

- Verkstjóri með jákvæða hvatningu að leiðarljósi
- Stuðla að öfluggu samstarfi foreldra, nemenda og kennara
- Halda utan um dagskrá – miðla verkefnum
- Tengiliður
- Halda utan um gögn – rafræn og pappír
- Stuðningur við umsjónarkennara þegar upp koma erfið mál í bekknum

Að virkja aðra foreldra

- Skipuleggjum starfið þannig að erfitt sé að skorast undan
 - Göngum út frá því að allir vilji taka þátt.... spyrjum hvað vilt þú gera, ekki viltu vera með
 - Úthlutum verkefnum
 - Notum áhrifaríkar leiðir til að boða fundi og kalla eftir þátttöku.... mentor, sms, símtal
 - Bjóðum upp á veitingar á fundum 😊

Undirbúningur fundar foreldra

- Ræða við umsjónarkennara
- Staðsetning og fundartími
- Fundarboð – jákvætt, hvetjandi, með dagskrá og góðum fyrirvara - ítreka svo tveimur dögum áður – nota Mentor
- Dagskrá
- Veitingar 😊
- Fundargerð



Framkvæmd

- Bjóða velkomin
- **Ekki hnakkafundi heldur í hóp eða hópa kringum eitt eða fleiri borð**
- Halda dagskrá
- Standa við tímaáætlun
- Fundargerð – niðurstöður sendar til allra, einnig þeirra sem ekki komust



Fundarefni á fyrsta fundi foreldra að hausti

- ▶ **Dagskrá vetrarins** í bekknum – kynna drög, fá hugmyndir frá þátttakendum – nýta áhugasvið og þekkingu innan bekkjarins
- ▶ Dagskrá foreldrafélagsins
- ▶ Fá viðbrögð fundarmanna við tillögum - samþykki
- ▶ Kynna hugmyndir að skiptingu verkefna
- ▶ Foreldrasamningur – Ræða **uppeldisleg viðmið** – t.d. samskipti, útivistartíma, láta krakkana vita af sér þegar þau koma í heimsókn, afmælisboð, gistingar, tölvunotkun/blogg/msn/tölvuleikir, partý o.s.frv
- ▶ **Önnur mál**

Verkefni

- Sameiginleg verkefni foreldrafélagsins, t.d. hausthátíð, jólaföndur, páskabingó, foreldrarölt, námskeið fyrir foreldra 6 ára barna og þeirra sem eru að byrja í unglingadeild, útskrift 10. bekkinga
- Verkefni innan bekkjarins t.d. bekkjarkvöld, gönguferðir, spilakvöld, vinahópar, heimsóknir foreldra í bekk



Skipulagning foreldrastarfs

- Skiptum foreldrunum í bekknum í hópa
- Allir hópar fá verkefni
- Gott að skipa hópstjóra
- Skýr, afmörkuð verkefni
- Upplýsingar aðgengilegar
- Ábyrgð skýr
- Bekkjarfulltrúi minnir hópana á

Dæmi um verkefni

- Bekkjarkvöld
- Þáttaka í dagskrá foreldrafélags
- Heimsóknir foreldra í bekk
- Vinahópar
- Fjáraflanir
- Foreldrarölt
- Feðga/mæðgnakvöld

Í 6. bekk gerum við eftirfarandi skiptingu að tillögu okkar. Ef þið getið alls ekki tekið þátt á þessum tímum reynið þá að skipta innbyrðis og láta okkur vita.

<p>Bekkjarkvöld – atburður sept/okt: Foreldrar Lóu Mjallar, Söru Bjarkar, Fannars og Magnúsar</p>	<p>Öskudagur (Foreldrafélagið) – 1. mars: Foreldrar Örnu, Sylvíu Ránar, Trausta, Söru S og Jóns Kára</p>
<p>Jólahvað? – (Foreldrafélagið) nóv-des: Foreldrar Hrafns, Rebekku, Selmu Sólar og Daníels Inga</p>	<p>Páskabingó (Foreldrafélagið) -apríl: Foreldrar Snæbjörns Inga, Sigurðar, Evu Daggar og Hjördísar</p>
<p>Bekkjarkvöld með 7. bekk – jan/feb: Foreldrar Atla Steinars, Jóhönnu Rutar, Stefáns og Ísaks Arnar</p>	<p>Bekkjarkvöld/atburður í maí: Foreldrar Ragnars Darra, Alberts, Ingu Karenar, Davíðs Óla og Brynjars Inga</p>

Hvað gerum við saman?

- Fara hægt af stað – auðvelt að bæta við en erfitt að bakka ef farið er of bratt af stað
- Gott er að stilla þessu í hóf í upphafi, bæði kostnaði og umfangi, þau þurfa að eiga eitthvað eftir þegar þau eldast 😊
- Gera könnun meðal krakkanna þegar það á við (eldri bekkir)
- Niðurstöður til viðmiðunar fyrir skipuleggjendur

Hvað gerum við saman – yngsta stig

- Bekkjarkvöld – sýna hvað þau eru að gera í skólanum (í samráði við umsjónarkennara) hressing (hlaðborð)
- Skipulagðir leikir; hópefli, inni, úti
- Spilakvöld, skemmtileg spil sem hæfa aldri, bingó
- Fjallgöngur
- Fjöruferðir
- Gönguferðir
- Hjólaferðir



Hvað gerum við saman - miðstig

- Auka fjölbreytnina, meira krefjandi verkefni
- Nýta tækifærin í skólastarfinu og umhverfinu
- Diskótek og leikir
- Keila
- Kajak
- Skautar
- Skíði



Hvað gerum við saman – elsta stig

- ▶ Hafa krakkana með í ráðum við skipulagningu atburða
- ▶ Skýr skilaboð um að foreldrar vilji verja tíma með þeim, bekkjarfélögnum og foreldrum þeirra
- ▶ Jafnvægi milli væntinga sem unglíngarnir hafa og þess sem við teljum skynsamlegt og æskilegt
- ▶ Hópefli, stutt ferðalög, útivera, útilegur
- ▶ Námskeið, skemmtileg, fræðandi, uppbyggileg – foreldrar kenna krökkum, krakkar kenna foreldrum
- ▶ Íþróttakvöld – keppni
- ▶ Hæfileikakeppni
- ▶ Spurningakeppnir og spil
- ▶ Undirbúningur Skrekks



Til athugunar

- ▶ Bekkjarkvöld – tækifæri til að styrkja samskipti milli barna, foreldra og kennara
- ▶ Félagsstarfið í skólanum og félagsmiðstöðinni – tækifæri barna til að hittast án foreldra
- ▶ Foreldrafundir – Tækifæri fyrir foreldra til að hittast án barna
- ▶ Í hópi foreldra er mikil auðlegð; áhugamál, hæfileikar, reynsla, geta og þekking sem hægt er að draga fram og nýta í starfinu
- ▶ Nauðsynlegt að taka alltaf fram í auglýsingum að uppákoman er fyrir foreldra og börn
- ▶ Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum á öllum uppákomum
- ▶ Eðlilegt að allir hjálpist að, t.d. við frágang. Leitið eftir aðstoðinni!

Önnur áhugaverð verkefni

- Heimsóknir foreldra í bekk
- Vinahópar
- Foreldrasamningar



Heimsóknir í bekk

- Frumkvæði foreldra mikilvægt
- Kynnumst börnunum í þeirra starfsumhverfi
- Sjáum hvernig börnin virka félagslega
- Kynnumst skólafélögunum



Markmið með vinahópum

- Styrkja tengsl milli nemenda
- Efla samstöðu nemenda og bekkjaranda
- Nemendur kynnist hvert öðru í sínu daglega umhverfi
- Foreldrar kynnist samnemendum barna sinna og hvert öðru
- Leysa/fyrirbyggja vandamál



Foreldrasamningar

- Gerum með okkur samning um afmælisveislur, útivist, tölvunotkun og sjónvarpsáhorf (ekki sýna bannaðar myndir eða leyfa bannaða leiki), ekki skilja útundan og það sem ykkur finnst að þurfi að koma fram í slíkum samningi. Látum alla foreldra í bekknum skrifa undir.

Að skapa góðan bekkjaranda

- Þekkjum hina foreldrana í bekknum og bekkjarfélagana
- Fáum umsjónarkennarann í lið með okkur
- Höldum utan um hópinn sem heild
- Setjum reglur um samskipti innan bekkjarins
- Gerum eitthvað skemmtilegt með hópnum og virkjum alla

Líðan

- Áhugi foreldra á daglegu lífi, námi og umhverfi barnanna hefur jákvæð áhrif á líðan og námsárangur
- Í foreldrastarfi á m.a. að leggja áherslu á að stuðla að góðri líðan nemenda

Hvernig er stuðlað að góðri líðan

- Látum okkur annt um skólastarfið og alla nemendur
- Virkt félagsstarf
- Vinatengsl innan bekkjar
- Vinatengsl innan skólans – yngri, eldri
- Heimsóknir foreldra í skóla
- Auka tengsl heimila og skóla

Jákvæð áhrif samvinnu og samveru

- Minni líkur á stríðni og einelti
- Líðan nemenda betri
- Aukin félagsfærni – betri samskipti
- Leikfélagahópurinn stærri
- Samskipti foreldra meiri og betri
- Aukið umburðarlyndi og skilningur

Foreldrar eru fyrirmyndir

- Hvernig tölum við um annað fólk?
- Hvernig tölum við við annað fólk?

Afhverju foreldrarölt?

- ▶ Við minnkum líkur á neikvæðum hópamyndunum
- ▶ Nærvera fullorðinna hefur róandi og fyrirbyggjandi áhrif
- ▶ Unglingarnir fá tækifæri til að leita aðstoðar

Umhyggja og aðhald

- ▶ Unglingar sem eru undir virku eftirliti og fá mikinn stuðning foreldra sinna eru að öllu jöfnu ólíklegri til að neyta áfengis og vímuefna
- ▶ Þeir eru einnig líklegri til að standast neikvæðan hópþrýsting
- ▶ Foreldrarölt er ein leið til að sýna umhyggju og aðhald

Afhverju á ég að röltu?

- ▶ Þú hefur áhrif á það félagslega umhverfi sem þú og barnið þitt býið við
- ▶ Þú stuðlar að betra og öruggara umhverfi með þátttöku þinni
- ▶ Þú kynnist umhverfi þínu og barnsins þíns
- ▶ Þú kynnist öðrum foreldrum
- ▶ Lykillinn að velgengni barnanna í lífinu er að við foreldrarnir þekkjum hvaða fólk þau umgangast og treystum vinum þeirra og fjölskyldum.
- ▶ Foreldrar eiga saman ánægjulega stund á heilsubótargöngu um hverfið um leið og þeir leggja sitt af mörkum til betra samfélags

Við berum öll ábyrgð ☺



Til umhugsunar

- Hvernig tökum við á móti nýjum nemendum og foreldrum þeirra?

Takk fyrir og gangi ykkur vel 😊